

Þingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Garðabær, 2. ágúst 2024
Málsnúmer: 202408-0003
IAS

Efni: Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna skilgreiningar á íbúðarbyggð að Vogum 1

Vísað er í mál nr. 122/2023 í skipulagsgátt: Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna skilgreiningar íbúðarbyggðar að Vogum 1.

Sveitarstjórn leggur til að hluta frístundabyggðar í landi Voga 1 verði breytt í íbúðarsvæði. Breyting þessi er gerð samhliða breytingu á deiliskipulagi Voga 1. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að breyta 6 frístundalóðum í íbúðarlóðir auk þess að auka byggingarheimild. Samhliða verði gerð leiðrétting á lóðarmörkum Voga 1 og Bjarkar og fyrirhuguðum aðkomuvegi breytt svo nú fer hann eingöngu um land Voga 1.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gert athugasemdir á fyrri stigum málsins sem eru ítrekaðar hér.

Ljóst er að tillagan felur í sér umtalsverða breytingu á svæðinu og mikla aukningu á byggingum sem og vegagerð. Sú uppbygging mun valda töluverðu raski á hrauni sem fellur undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það hraun er einnig að stærstum hluta kjarri vaxið og um er að ræða birkiskóg sem fellur undir skógarvistir sem Náttúrufræðistofnun hefur metið með hátt verndargildi. Þá er uppbyggingin nálægt verndarsvæði Mývatns og Laxár þó hún sé ekki innan þess. Náttúrufræðistofnun telur óheppilegt að stefnt sé að svo miklu raski á umhverfi og náttúru með hátt verndargildi sem þegar hefur verið gengið umtalsvert á, auk þess sem aukin og dreifðari þéttbýlismyndun í jaðri verndarsvæðis Mývatns og Laxár getur valdið meira álagi á viðkvæma náttúru verndarsvæðisins m.a. vegna aukinnar umferðar, fráveitu o.fl. Afar mikilvægt er að við skipulagsvinnunna sé lagt greinargott mat á umhverfisáhrif og horft til nauðsynlegra mótvægisáðgerða. Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

